**Ed.** **384. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 50, 4. júní 1924, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 12 til 50 hestafla vjel, er sannað getur, að hann hafi staðist próf við mótorskólann í Reykjavík eða námsskeið Fiskifjelags Íslands. Nú hefir vjelstjóri staðist próf samkvæmt framanrituðu og reynst fær um að stjórna 30 til 50 hestafla mótorvjel og gegnt þeim starfa sem yfirvjelstjóri að minsta kosti 12 mánuði, og öðlast hann þá rjett til þess að stjórna 50 til 100 hestafla mótorvjel.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.